

<b>HÚSGÖGN - UMHVERFISSKILYRÐI</b>	Dags.	28.10.2021
	Útgáfa	2.0

---

## VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

---

Umhverfisskilyrðin eru byggð á viðmiðum framkvæmdastjórnar ESB um vistvæn innkaup, [EC GPP Training Toolkit](#)

Umhverfisskilyrðin birtust fyrst á [vinn.is](#)

Viðmiðin eru byggð á viðmiðum umhverfismerkja eins og norræna Svaninum og Evrópublóminu. Sé vara vottuð með einhverju þessara umhverfismerkja er það fullnægjandi sönnun á því að viðmiðin í þessu skjali séu uppfyllt.



Þessi skilyrði ná til innkaupa á:

- **Húsgögnum til innanhússnota**, svo sem skrifstofu- og skólahúsgögn og húsgögn til heimilisnota, óháð því hvort um er að ræða frístandandi húsgögn eða húsgögn sem eru innbyggð í t.d. innréttingar. Dæmi: stólar, borð, rúm, hillur og skápar.

*Viðmiðin taka hins vegar ekki til byggingarvöru (t.d veggklæðning, tröppur og sambærilegt), salerna eða vaska, teppa, gólfefna eða raftækjabúnaðar.*

- **Húsgögnum til utanhússnota**, svo sem bekkir, borð og stólar.

*Viðmiðin ná ekki til búnaðar sem telst ekki húsgagn svo sem útilýsing, leiktæki eða pallaefni.*

**Yfirlit yfir viðmið sem tekið er á í skilyrðunum:**

- **Timbur**
- **Málmar**
- **Plast**
- **Bólsturefni**
- **Áklæði**

Grunn- og ítarviðmiðin samanstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

**Lágmarksskilyrði;** eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

**Matsviðmið;** má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðabætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

---

## HELSTU UMHVERFISÁHRIF

---

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhrif á líffræðilega fjölbreytni og landrof vegna ósjálfbærrar skógræktar</li> <li>• Áhrif á landslag vegna námuvinnslu</li> <li>• Ósjálfbær vinnsla og notkun auðlinda</li> <li>• Orkunotkun og notkun endanlegra auðlinda og skaðlegra efna við framleiðslu húsgagna</li> <li>• Notkun rokgjarnra efna sem hafa neikvæð heilsufarsleg áhrif</li> <li>• Úrgangsmyndun og -meðhöndlun við framleiðslu og notkun húsgagna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Timbur framleitt í löglegri og sjálfbærri skógrækt</li> <li>• Notkun á endurunnu efni</li> <li>• Takmörkun á notkun rokgjarnra efna</li> <li>• Forðast viss skaðleg efni við framleiðslu og meðhöndlun húsgagna</li> <li>• Tryggja að hægt sé að endurnýta hluta húsgagna og/eða endurvinna umbúðir</li> <li>• Kaupa vörur með langan líftíma og sem hægt er að gera við ef með þarf</li> </ul>

## 1 VARAN

### GRUNNVIÐMIÐ

#### LÁGMARKSSKILYRÐI

##### 1. Plasthlutar

Allir plasthlutar sem eru  $\geq 50g$  skulu vera merktir plastmerki samkvæmt ISO 11469 eða sambærilegum staðli. Þá skulu plasthlutar ekki innihalda önnur viðbætt efni sem gætu hindrað endurvinnslu þeirra.

**Staðfesting:** Þjóðendur skulu leggja fram lýsingu á plastefninu í vörunum og magn þess, sem og hvernig plastefnið er merkt og hvort það er áfast öðrum efnum. Sé varan vottuð með viðurkenndu umhverfismerki (Tegund I), svo sem norræna Svaninum eða Evrópublóminu, er viðmiðið uppfyllt.

##### 2. Klæðning/yfirborð á viði, plasti eða/og málmhlutum

Klæðning/yfirborð vöru skal ekki innihalda:

- hættuleg efni sem hafa verið flokkuð samkvæmt tilskipun 1999/45/EC sem krabbameinsvaldandi (H40, H45, H49), geta dregið úr frjósemi (H60, H61, H62, H63), stökkbreytivaldandi (H46), eitruð (H23, H24, H25, H26, H27, H28, H51), ofnæmisvaldandi við innöndun (H42), hættulegu umhverfinu (H50, H50/53, H51/53, H52, H52/52, H53) eða, geta valdið arfgengum skaða (H46).
- aziridine
- króm (VI) efnasambönd.

**Staðfesting:** Þjóðendur skulu að leggja fram skrá eða yfirlit yfir öll efni sem notuð eru til yfirborðmeðferðar á efnivið húsgagnanna, sem og öryggisblöð efnanna eða svipuð gögn sem sýna fram á að ofangreind viðmið séu uppfyllt. Sé varan vottuð með viðurkenndu umhverfismerki (Tegund I), svo sem norræna Svaninum eða Evrópublóminu, er viðmiðið uppfyllt.

##### 3. Umbúðafni

Umbúðir (að merkingum meðtöldum) skulu ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr tegundum klóraðra efna.

**Staðfesting:** Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.

#### MATSVIÐMIÐ

### 1. Hlutfall viðar og viðartrefja í fullunninni vöru frá sjálfbærum skógum.

Hlutfall viðar, viðartrefja eða viðaragna, í fullunninni vöru, sem koma frá skógum sem staðfest er að sé stjórnað samkvæmt þeim meginreglum og ráðstöfunum sem miða að því að tryggja sjálfbæra skógarvörslu, en þó eingöngu ef þessi viðmið eiga við um og einkenna vöruna.

Í Evrópu skulu framangreindar meginreglur og ráðstafanir a.m.k. vera í samræmi við reglur og ráðstafanir Sam-evrópsku leiðbeininganna um sjálfbæra skógvörslu (Pan-European Operational Level Guidelines for Sustainable Forest Management) sem samþykktar voru á ráðherrastefnunni í Lissabon um verndun skóga í Evrópu (2.-4. júní 1998). Utan Evrópu skulu þær a.m.k. vera í samræmi við þær meginreglur sem samþykktar voru á ráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna um umhverfi og þróun (UNCED, Rio de Janeiro, júní 1992). Þar sem við eiga tilsvarendi viðmið eða viðmiðunarreglur um sjálfbæra skógvörslu sem samþykkt voru sem liður í alþjóðlegum og svæðisbundnum framtaksverkefnum (verkefnum Alþjóðasamtaka um hitabeltistré (ITTO), Montreal-verkefninu, Tarapoto-verkefninu og framtaksverkefni Umhverfisstofnunar Sameinuðu Þjóðanna og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu Þjóðanna um þurr svæði í Afríku (UNEP/FAO Dry-Zone Africa Initiative)).

**Staðfesting:** Vottorð um framleiðslukeðju sem staðfestir að viðartrefjarnar hafi hlotið FSC eða PEFC vottun eða aðrir staðlar fyrir sjálfbæra stjórnun skóga verða samþykktir sem fullnægjandi sönnun. Önnur viðeigandi sönnunargögn, eins og tæknileg málskjöl framleiðanda eða prófunarskýrslur frá viðurkenndum aðilum verða einnig samþykkt.

### 2. Viður frá löglegum skógariðnaði

Allur viður og allt efni unnið úr viði skal koma frá löglegri skógrækt /skógariðnaði.

**Staðfesting:** Vottorð um framleiðslukeðju sem staðfestir að viðurinn hafi FSC eða PEFC vottun eða önnur sambærileg sönnunargögn, verða samþykkt sem fullnægjandi sönnun. Einnig má staðfesta lögmæti uppruna viðarins með að sýna fram á skjalfestan rekjanleika vörunnar. Skjalfestingarkerfi geta verið vottuð af hálfu þriðja aðila, oft sem hluti af ISO 9000 og/eða ISO 14000 stöðlunum eða EMAS umhverfisstjórnunarkerfi. Ef viðurinn á uppruna að rekja til lands sem hefur gert „Voluntary Partnership Agreement“ (VPA) samning við Evrópusambandið má nota FLEGT leyfið sem sönnun.

Ef um óvottaðan við er að ræða skulu þjóðendur tilgreina tegund, magn og uppruna viðarins sem verður notaður í framleiðslunni auk þess að leggja fram yfirlýsingu um lögmæti hans. Þá skal vera hægt að rekja feril viðarins í gegnum öll framleiðslustig; frá skógi til fullunninnar vöru. Í sérstökum tilfellum, þar sem sönnunargögnin sem lögð eru fram þykja ekki fullnægjandi, geta samningsyfirvöld farið fram á frekari útskýringar og sannanir.

### 3. Endurunnin efniviður

Þyngdarhlutfall endurunninna efna unnin úr viði, plasti og/eða málm í fullunnu húsgagni.

**Staðfesting:** Þjóðendur skulu leggja fram viðeigandi gögn sem sýna þyngdarhlutfall

endurunns efniviðar.

#### 4. Textílefni

Varan skal uppfylla [*setjið inn tilvísun í lágmarksviðmiðanir úr viðmiðunarskjalinu fyrir textílefni*].

**Staðfesting** Sé varan vottuð með viðurkenndu umhverfismerki (Tegund I), svo sem norræna Svaninum eða Evrópublóminu, er viðmiðið uppfyllt. Önnur viðeigandi sönnunargögn, eins og tæknileg málsskjöl framleiðanda eða prófunarskýrslur frá viðurkenndum aðilum eru einnig samþykkt.

#### 5. Lím og límeefni

Magn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í límeffnum, sem notuð eru til samsetningar á húsgögnum, skal ekki vera meira en 10% af þyngd límeffnanna.

**Staðfesting:** Þjóðendur skulu leggja fram skrá yfir öll þau límeffni sem notuð eru við samsetningu húsgagnanna, sem og öryggisblöð límeffnanna eða svipuð gögn sem sýna magn rokgjarna, lífrænna efnasambanda og að ofangreind viðmið séu uppfyllt. Sé varan vottuð með viðurkenndu umhverfismerki (Tegund I), svo sem norræna Svaninum eða Evrópublóminu, er viðmiðið uppfyllt.

#### 6. Bólsturefni

[*Um bólsturefni*] **Viðmið umhverfismerkis fyrir bólsturefni.** Bólstursetnið skal uppfylla viðmið umhverfismerkis Evrópubandalagsins. Fáanlegt hér:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:00:36:00:0:00:5:EN:PDF> .

**Staðfesting:** Sé varan merkt með viðurkenndu umhverfismerki (Tegund I), svo sem norræna Svaninum eða Evrópublóminu, er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Önnur viðeigandi sönnunargögn, eins og tæknileg málsskjöl framleiðanda eða prófunarskýrslur frá viðurkenndum aðilum eru einnig samþykkt.

#### 7. Ending, viðgerðarmöguleikar, notagildi og vinnuvistfræði

Húsgögn skulu uppfylla [*setjið inn viðeigandi lands/alþjóða gæðastaðla*] eða sambærilegan staðal varðandi nothæfi (t.d. öryggi, slitstyrk, togþol, litheldni, núningsheldni, aflögun við samþjöppun, vinnuvistfræði).

**Staðfesting:** Þjóðendur skulu leggja fram viðeigandi gögn sem sýna fram á fylgni við ofangreinda staðla.

**Athugasemd:** Hér getur kaupandi/útboðsaðili skilgreint hvaða gæðastaðla eigi að nota varðandi endingu og gæði viðkomandi húsgagna.

#### 8. Umbúðir

Umbúðir skulu gerðar úr endurunnu efni, og/eða úr endurnýjanlegu hráefni eða vera fjölnota umbúðir.

Allt umbúðaefni skal vera auðvelt að hluta í sundur í endurvinnanlega hluti sem

samanstanda af einu efni (t.d. pappi, pappír, plast, textíll).

**Staðfesting:** Þjóðendur skulu að leggja fram lýsingu á umbúðaeftum ásamt sambærilegri yfirlýsingu um að ofangreind viðmið séu uppfyllt.